



STARFSENDURHÆFING  
NORÐURLANDS

# Ársskýrsla

2020

Við náum árangri með því að stefna öll að sama marki



## Efnisyfirlit

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>1</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>FJÁRMÖGNUN</b> .....	<b>2</b>
<b>STARFSMANNAHALD</b> .....	<b>2</b>
SAMSTARFSADILAR .....	3
<b>STARFSEMIN</b> .....	<b>3</b>
STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI .....	4
ÞJÓNUSTULEIÐIR .....	5
<i>Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing:</i> .....	5
<i>Gæfusporið:</i> .....	7
<i>Brúin/námshópur</i> .....	7
<i>Ráðgjöf og eftirfylgd:</i> .....	7
<i>Önnur tilboð:</i> .....	8
TILVÍSANIR ÁRIÐ 2020 .....	9
<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>12</b>

## Formáli

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) varpar ljósi á það starf sem fram hefur farið síðastliðið starfsár.

Starfsemin hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Heildarfjöldi tilvísana á árinu 2020 var 276 (var 200 árið 2019). Fjöldi þátttakenda í heildrænni endurhæfingu á starfsárinu var 95 og nýttu þeir 242 endurhæfingarpláss. Frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði komu 274 tilvísanir og frá Vinnumálastofnun komu 2 tilvísanir. Auk þess sem Vinnumálastofnun keypti námskeið fyrir 11 einstaklinga og Virkið fyrir 8 einstaklinga.

Rekstrarafgangur á árinu 2020 nam um 14 milljónum og er það jákvæð þróun miðað við árið áður.

Á árinu fengu 95 einstaklingar þjónustu eins og áður sagði, 44 karlar (46%) og 51 kona (54%). Meðalaldur þátttakenda lækkaði á milli ára, var 31 ár árið 2019 en 29 ár árið 2020. Hátt hlutfall þeirra sem vísað var í þjónustu til SN var með geðrænan vanda eða 72% (var 77% 2019). En 9% þátttakenda var vísað vegna stoðkerfisvanda og 19% vegna annarra ástæðna (5% 2019). Við komu í starfsendurhæfingu höfðu flestir verið frá vinnu í 6-12 mánuði eða 34% (43%, árið 2019) en 26% höfðu verið frá vinnu í 12-24 mánuði. 7% notenda höfðu verið frá vinnu í 24-36 mánuði og 24% þátttakenda var vísað í starfsendurhæfingu innan sex mánaða og þar af 5% innan þriggja mánaða.

Mannabreytingar urðu á árinu, en tveir starfsmenn létu af störfum í lok árs. Eru þeim færðar þakkir fyrir gott samstarf og þeim óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Þegar árangur af starfinu er skoðaður má sjá að 52% hafa ekki lokið endurhæfingu hjá SN, 17% þátttakenda eru komnir í vinnu, ýmist í fullt starf á almennum vinnumarkaði eða í hlutastarf og 10% fóru í nám. Ekki geta allir nýtt sér starfsendurhæfingu hjá SN vegna mikils vanda og sl. ár voru það 14% þátttakenda, (15% 2019) var þeim vísað aftur til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og 2% fóru á örorku. Velta má fyrir sér hvers vegna 14% þátttakenda er vísað aftur til VIRK. Hafa þeir ekki fengið viðeigandi þjónustu í heilbrigðis- eða menntakerfinu, eða viðunandi uppeldisskilyrði, eða var úrræðum ekki beitt nægjanlega snemma á lífsferlinum? Vantaði snemmbært inngríp sem er forsenda góðs árangurs í endurhæfingu. En vandi einstaklinga sem nýta sér þjónustu SN er flókinn og margþættur og í því sambandi er heildræn þjónusta nauðsynleg. Aðilar sem að velferðarmálum koma og aðilar vinnumarkaðarins verða að eiga gott samstarf og hafa það að markmiði að leita lausna og mæta þörfum einstaklinga þannig að virkni og velferð þeirra aukist.

Akureyri 22. mars 2021

Soffía Gísladóttir, formaður stjórnar SN

## Inngangur

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) varpar ljósi á það starf sem fram hefur farið árið 2020.

Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) er skipuð fulltrúum frá stofnaðilum SN:

- Soffía Gísladóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar Norðurlandi eystra, formaður
- Bernard H. Gerritsma, fulltrúi SAK,
- Valgeir Magnússon, fulltrúi SÍMEY
- Guðrún Sigurðardóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar, varaformaður og ritari
- Inga Berglind Birgisdóttir, fulltrúi HSN

Röð varamanna er eftirfarandi:

- Ásta Guðný Kristjánsdóttir, fulltrúi KEA
- Valgerður Gunnarsdóttir, fulltrúi FSH
- Signý Valdimarsdóttir, fulltrúi Norðurþings
- Jóna Finndís Jónsdóttir, fulltrúi Stapa
- Anna Marit Níelsdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar
- Þórarinn Sverrisson, fulltrúi Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra, áheyrnarfulltrúi

Á starfsárinu voru haldnir 6 stjórnarfundir. Ársfundur verður haldinn 25. mars 2021.

## Fjármögnun

Fjármögnun starfsársins var að mestu í gegnum samning SN við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Þjónustusamningur við VIRK var framlengdur tímabundið til 1. júní 2021. SN hélt einnig námskeið fyrir atvinnuleitendur hjá VMST og námskeið fyrir Virkið, sem er vettvangur fyrir fólk á aldrinum 16-29 ára.

Heildartekjur 2020 jukust um um 16,8%. Kaup á sérfræðiþjónustu s.s. sjúkraþjálfun, sálfræðiviðtölum og annarri aðkeyptri þjónustu dróst saman á árinu 2020 miðað við árið 2019. Aukning var á seldri þjónustu miðað við árið áður.

## Starfsmannahald

Um áramótin voru 6 fastráðnir starfsmenn hjá SN í 5,3% stöðugildum. Auk þess var einn starfsmaður í 25% tímabundinni stöðu sem ráðinn var inn á Vinnusamningi.

Júlía Mist Almarsdóttir og Kristján Jósteinsson létu af störfum á árinu. Júlía Mist í nóvember og Kristján um áramótin. Eru þeim færðar góðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og þeim óskað velfarnaðar í því sem þau taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

Starfsmenn SN á árinu 2020:

- Jakobína Elva Káradóttir, félagsráðgjafi og BA í lögfræði í 100% starfi. Hún er framkvæmdastjóri SN.
- Katla Hildardóttir, hjúkrunarfræðingur í 90% starfi.
- Júlía Mist Almarsdóttir, iðjubjálfi í 80% starfi. (hætti í nóvember )
- Ranveig Susan Tausen, sálfræðingur Cand Psych og BA í þjóðfélagsfræðum í 80% starfi.
- Elín Hrönn Einarsdóttir, iðjubjálfi og jógakennari í 80% starfi.
- Sæunn Sigríður Jóhannsdóttir, ritari í 50% starfi.
- Kristján Jósteynsson, félagsráðgjafi og MSc í endurhæfingarráðgjöf í 50% starfi. (hætti um áramótin)
- Ragnheiður Sveinsdóttir, sjúkraþjálfari í 25% starfi. Tímabundin ráðning.

### Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar SN eru stofnaðilar og starfsmenn þeirra s.s. lækna Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) og SAK, ráðgjafar frá félagsþjónustu Fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar, ásamt starfsmönnum VMST og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Gott samstarf hefur verið við Tryggingastofnun ríkisins eins og undanfarin ár, starfsmenn Einingar-Iðju og Vinnueftirlitsins. Einnig er samstarf við ýmsa verktaka og sérfræðinga sem að endurhæfingunni koma. Um er að ræða þjónustu sjúkraþjálfara, sálfræðinga, kennara, bókara og endurskoðenda og ýmissa fyrirlesara. SN tók upp reglulegt samstarf við sérfræðing í geðlækningum hjá Læknastofum Akureyrar. Slíkt samstarf er mikilvægt m.t.t. að 72% af notendum SN eru með geðröskun sem grunnvanda. Þjónusta var einnig keypt af Punktinum sem heyrir undir Akureyrarbæ. SN hefur átt gott samstarf við ýmis fyrirtæki og stofnanir á Akureyri og víðar sem tekið hafa á móti notendum í starfsprófanir og kynningar. Starfsprófanirnar hafa gefið góða raun og hafa í sumum tilfellum leitt til fastráðningar.

### Starfsemin

Síðustu ár hefur verið boðið upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir þ.e. „Mat á stöðu, Einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu og Ráðgjöf og eftirfylgd“. Samhliða þessum leiðum var boðið upp á HAM námskeið á vormánuðum og námskeið í *Núvitund á netinu*. Þá var einnig boðið uppá *Starfsendurhæfingu í dreifbýli* sem fram fór í Fjallabyggð, námskeið fyrir einstaklinga í atvinnuleit sem kallaðist *Hæfni á vinnumarkaði* og fræðslu sem haldið var í samstarfi við *Virkið* og laut að þjónustu við fólk á aldrinum 16-29 ára með áherslu á einstaklingsmiðaða starfstengda endurhæfingu.

Hér má sjá mynd af starfsemi SN.



Mynd 1. Hér sést hvernig starfsemi SN var 2020

Frekari umfjöllun um útfærslu hvernar leiðar fer hér á eftir í kaflanum „Þjónustuleiðir“.

### Starfið á síðasta ári

Flestir notendur SN koma frá Akureyri og nágrennabyggðum Akureyrar. Einnig veitti SN 4 einstaklingum þjónustu í Fjallabyggð tímabilið janúar til maí. Mikilvægt var fyrir þessa einstaklinga að fá þjónustu í heimabyggð og fór fræðslan fram á Siglufirði tvo daga í viku í húsnæði Einingar-löju.

Tilvísanir voru alls 276 (voru 200 árið 2019). Auk þess nýttu 25 einstaklingar frá VMST og Virkinu sér styttri námskeið.

Líkt og undanfarin ár glíma flestir í notendahópi SN við fjölpættan vanda og þurfa þ.a.l. oftast á langtíma endurhæfingu að halda. Reynt er að mæta þörfum hvers þátttakanda og finna þá leið sem hentar hverjum og einum best. Endurhæfingin er heildræn, þ.e. horft er á manneskjuna í heild út frá líkamlegri- og andlegri líðan og félagslegri stöðu. Allt verkar þetta hvert á annað og á líðan fólks.

Notendur þjónustu SN hafa stundað hópefli og sjálfsstyrkingu, líkamspjálfun og heilsueflingu. Einnig nýttu þeir sér sálfræðiviðtöl, félagsráðgjöf, iðjuþjálfun, fjármálaráðgjöf, markþjálfun, sjúkráþjálfun og fjölskyldumeðferð hjá sérfræðingum SN og annarri aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Þátttakendur nýttu sér reglulega stuðningsviðtöl hjá ráðgjöfum SN en þeir fylgjast með framvindu endurhæfingarinnar.

Allir notendur fylla út ASEBA (Achenbach) matslista við upphaf starfsendurhæfingar. Listinn hjálpar ráðgjafa að meta stöðuna og auðveldar vinnu með notendum við markmiðssetningu og endurmat á endurhæfingarátun viðkomandi. Þessi listi er einnig lagður fyrir á miðju tímabili endurhæfingar sem stöðumæling og í lok endurhæfingar til að meta árangur endurhæfingarinnar. Einnig fylla notendur út listana; Heilsutengd lífsgæði og DASS (Depression Anxiety Stress Scales) við upphaf og í lok endurhæfingar.

Á árinu var boðið upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir eins og fyrr segir: Mat á stöðu, Einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu og Ráðgjöf og eftirfylgd.

Þó eru alltaf einhverjir sem ekki geta nýtt sér þær leiðir sem í boði eru og hefur verið brugðist við þeirri þörf með því að gera einstaklingsmiðaða samninga við þá aðila.

Á árinu 2020 voru 95 einstaklingar í heildrænni starfsendurhæfingu sem nýttu 242 endurhæfingartíma. (Árið 2019 voru 105 einstaklingar í þjónustu)

Hér á eftir verður fjallað um hverja þjónustuleið.

### **Þjónustuleiðir**

#### **Mat á stöðu:**

*Endurhæfingartími* er 1-2 mánuðir.

*Markmiðið* er að leggja mat á það hvort að notandi geti nýtt sér starfsendurhæfingu. Einnig er staða einstaklingsins og sú þjónusta sem hann þarf á að halda til að komast í virkni á ný, metin heildrænt. Meginmarkmiðið er því; sjálfstyrking í gegnum allt ferlið, virkni og mat á stöðu einstaklingsins.

*Innihald* þjónustunnar er einstaklingsmiðað og fer eftir því sem um er beðið af ráðgjafa viðkomandi hjá VIRK starfsendurhæfingasjóði. Má þar nefna; ráðgjafaviðtöl, sálfræðiviðtöl, heilsuefingu, sjúkráþjálfun, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, fjölskyldumeðferð, fræðslu, sjálfstyrkingu, hópefli og handverk sem fram fer á Punktinum. Oftar en ekki er einstaklingi vísað í einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu í framhaldinu og fer það meðal annars eftir því hvernig ástundun og virkni þátttakandans er á tímabilinu. Ástundun þarf að vera a.m.k. 80%.

*Viðvera þátttakenda* er 15-20 tímar á viku.

*Markhópurinn* er einstaklingar sem eru að hefja starfsendurhæfingu eftir fjarveru frá vinnumarkaði eða brottfall úr námi. Ástæður geta verið margvíslegar og ekki er vitað um getu einstaklingsins til að nýta sér starfsendurhæfingu.

#### **Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing:**

*Endurhæfingartími* er 3- 6 mánuðir.

*Markmiðið* er að veita einstaklingsmiðaða heildræna starfsendurhæfingu til þeirra sem þurfa á langtíma starfsendurhæfingu að halda.

*Innihald* þjónustunnar er einstaklingsmiðað og fer áherslan eftir því sem um er beðið af ráðgjafa viðkomandi hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði. Innihald þjónustunnar er svipað og í Mat á stöðu þ.e; ráðgjafaviðtöl, sálfræðiviðtöl, heilsuefling, sjúkraþjálfun, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, markþjálfun, fjölskyldumeðferð, fræðsla, sjálfstyrking og hópefli. Krafa er gerð um góða ástundun að lágmarki 15 – 20 stunda viðveru á viku og er 80% mætingarskylda. Einnig kemur til viðbótar atvinnutenging og starfskynningar á seinni stigum endurhæfingarinnar þar sem einstaklingarnir fá tækifæri til að reyna sig á vinnumarkaði og finna út hvar áhugasviðið liggur.

*Viðvera* þátttakenda er 15-20 stundir á viku.

*Markhópurinn* eru þeir sem eru að takast á við fjölþættan vanda: Langvarandi fjarveru frá vinnumarkaði vegna atvinnuleysis, brottfalls úr skóla og/eða sökum veikinda. Boðið er upp á fjórar mismunandi leiðir/áherslur þ.e. Heilsuhóp, Atvinnuhóp, Gæfusporið og Brúna.

Hér er nánari lýsing á leiðum „einstaklingsmiðaðrar starfsendurhæfingar“:

### **Heilsuhópur:**

Heilsuhópur er 12 vikna heilðrænt endurhæfingarúrræði. Aðaláhersla er lögð á að vinna með þá þætti sem hindra atvinnuþátttöku og undirbúa næstu skref í endurhæfingunni. Rauði þráðurinn í heilsuhópi er að vinna með sjálfstyrkingu og sjálfsmynd, hreyfingu, heilsueflingu, næringu, markmiðssetningu, samskipti og vinnufærni. Í boði er ýmis fræðsla, hóp- og einstaklingssamtöl, náms- og starfsráðgjöf auk áhugasviðskannana sem styrkja þátttakendur á leið þeirra út á vinnumarkaðinn.

Markhópurinn eru þeir sem vilja styrkja sig andlega og líkamlega, auka sjálfstraust og bæta félagsleg samskipti til að verða hæfari á vinnumarkaði.

### **Atvinnulína:**

Atvinnulína er 12 vikna heilðrænt endurhæfingarúrræði þar sem unnið er með bæði líkamlega- og andlega heilsu og þátttakendum veittur stuðningur og fjölþætt ráðgjöf. Á endurhæfingartímabilinu er boðið upp á hreyfingu í formi líkamsræktar, göngu og annarrar útiveru auk þess sem þátttakendur fá leiðsögn og ráðgjöf frá sjúkraþjálfara sé þess þörf. Á atvinnulínu er aðaláherslan lögð á undirbúning fyrir atvinnulífið í formi markvissrar fræðslu, verkefnavinnu og umræðna.

Á síðari hluta tímabilsins fara þátttakendur í ýmsar heimsóknir. M.a. í menntastofnanir á svæðinu, s.s. framhaldskólana og Háskólann á Akureyri þar sem kynningar fara fram á námsleiðum og þeirri starfsemi sem þar fer fram, m.t.t. atvinnumöguleika. Auk þess er farið í heimsóknir á vinnustaði þar sem þátttakendur fá kynningu á þeim störfum sem þar eru unnin. Auk þess sem þeir fá kynningu á starfsemi og hlutverki ýmissa stofnana sem tengjast vinnumarkaði. Þátttakendur fara einnig í þriggja vikna starfskynningar á vinnustaði að eigin vali. Þeir fá með því tækifæri til að reyna sig við raunveruleg verkefni og stuðla að farsælum tengslum og endurkomu á vinnumarkað. Þeir sem þurfa á lengri starfsþjálfun að halda fá aðstoð við að komast í slíka þjálfun. Samhliða þessu eru þátttakendur í virkri atvinnuleit.



Markhópur atvinnuhóps eru einstaklingar sem eru komnir á þann stað í endurhæfingu að þeir stefna á vinnumarkaðinn á næstu 3-4 mánuðum.

### **Gæfusporið:**

Gæfusporið er endurhæfingarleið sem SN hefur boðið upp á undanfarin sjö ár. Þessi endurhæfingarleið, sem er ætluð konum, hófst sem þróunarverkefni undir hatti SN og í samvinnu við fagfólk SN og Sigrúnu Sigurðardóttur doktor í lýðheilsufræðum við Háskólann á Akureyri.

Gæfusporið er 12-14 vikna endurhæfing þar sem unnið er markvisst með áföll vegna kynbundins ofbeldis. Í Gæfusporinu er veitt fjölbætt ráðgjöf, stuðningur, aðhald og hvatning alla virka daga vikunnar og er tímasókn 4-6 tímar á dag. Konurnar vinna bæði á einstaklingsgrunni og í hóp. Einstaklingsvinnan er í formi ráðgjafaviðtala, svæðanudds, höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferðar, sálfræðiviðtala, fjármálaráðgjafar, djúpslökunar og fjölskyldumeðferðar. Hópaþingurinn samanstendur af fræðslu, sjálfsstyrkingu, líkamsvitund, hreyfingu og sálfræðihópvinna einu sinni í viku. Einnig er boðið upp á 30 tíma listasmíðju sem fram fer í SÍMEY.

### **Brúin/námshópur**

Í Brúnni eru flestir þátttakendur í námi á eigin vegum, ýmist í framhaldsskóla eða háskóla, en nokkrir hafa einnig stundað vinnu. Markmiðið er að styðja þátttakandann á þeirri námsleið eða í því starfi sem hann hefur valið sér. Stuðningurinn er einstaklingsmiðaður.

Hóparnir hittast vikulega með ráðgjafa og er þá boðið upp á fræðslu eða að þátttakendur miðla af reynslu sinni og styðja og leiðbeina hver öðrum.

Einnig standa þeim til boða viðtöl hjá viðeigandi fagaðilum eftir þörfum s.s. sálfræðiviðtöl, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, heilsuráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og fjölskyldumeðferð. Markhópur Brúarinnar er sérstaklega einstaklingar sem hafa ekki getað fóttað sig í námi eða vinnu og þurfa á stuðningi og hvatningu að halda.

### **Ráðgjöf og eftirfylgd:**

*Endurhæfingartími* er 3 - 6 mánuðir.

*Markmiðið* er að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning við að takast á við næstu skref í endurhæfingunni. Á þessum tímamarki er oft verið að vinna markvisst með atvinnutengingu. Einnig getur þátttakandi verið að ljúka námi á framhalds- og/eða háskólastigi.

*Innihald* þjónustunnar er fyrst og fremst ráðgjafaviðtöl, en líka er boðið upp á hoptíma 1x í viku þar sem boðið er upp á ýmis konar fræðslu. Einnig eru hópfundirnir nýttir til að skiptast á skoðunum og veita stuðning við þau viðfangsefni sem brenna á þátttakendum hverju sinni.

*Viðvera:* Þátttakendur mæta 1x í viku á hópfunni og til ráðgjafa að lágmarki 2x í mánuði, oftar ef þarf.

*Markhópurinn* eru einstaklingar sem eru að ljúka endurhæfingu og hefja atvinnuleit eða atvinnuþátttöku og þurfa á stuðningi að halda.

## Önnur tilboð:

Auk fastra liða voru haldin ýmis námskeið fyrir þátttakendur SN. Boðið var upp á eitt námskeið í Hugrænni atferlismeðferð (HAM-námskeið). Tilgangur námskeiðsins er að auka innsýn þátttakenda í samhengi hugsana, tilfinninga og hegðunar og hvernig hægt er að grípa inn í vítahringi sem viðhalda vanlíðan. Námskeiðið var haldið einu sinni í viku, tvo tíma í senn í sex skipti. Þátttakendur voru ánægðir með námskeiðið, töldu það bæta líðan og veita þeim verkfæri til takast betur á við tilfinningar sínar. Þá bauðst þátttakendum SN að fara í jógatíma. Í tímunum voru teknar fyrir mismunandi „grounding“ æfingar (sitjandi/standandi/liggjandi) með það að markmiði að hafa verkfæri til að nýta í aðstæðum þar sem kvíðinn getur gert vart við sig. Þá var lögð áhersla á öndun, léttar jógastöður, jafnvægi og styrktaræfingar í kringum kvið og bak, ásamt teygjum fyrir helstu vöðvahópa. Í var tekin slökun eða stutt hugleiðsla.

Boðið var upp á núvitundarnámskeið á netinu fyrir þátttakendur í SN. Um var að ræða 1.5 klukkustund í 6 skipti. Námskeiðið var byggt á hugmyndafræði MBCT (Mindfulness-based Cognitive Therapy) sem er gagnreynt núvitundarnámskeið. Áhersla er á reynslunám þar sem þátttakendur upplifa efnið á eigin skinni gegnum núvitundaræfingar og umræðna um æfingarnar. Lagt var til að þátttakendur stunduðu æfingar á milli tíma og fengu þeir senda tengla á núvitundaræfingar.

Í lok árs var einnig boðið upp á vikulega núvitundartíma á netinu. Þessir tímar voru opnir öllum þátttakendum og starfsmönnum í SN, alls 5 skipti 30 mínúttur í senn. Núvitundaræfingar voru leiddar í rauntíma og var boðið upp á umræður í hverjum tíma.

Karla- og kvennahópar fóru af stað einu sinni í viku. Markmiðið með hópunum er að skapa vettvang fyrir þátttakendur til að tala um karl- og kvenímyndir, vinna með sjálfsmynd, eigin takmarkanir, traust, vitund o.fl.

## Hvað er framundan:

Það eru alltaf nokkrir þátttakendur sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar endurhæfingarleiðir hjá SN. Þeim er mætt með einstaklingsmiðaðri þjónustu. Gerður er samningur þar sem ráðgjafi hjá SN styður einstaklinginn og heldur utan um þá þætti endurhæfingarinnar sem þörf er á. Ráðgjafaviðtölin skipa þar stóran sess.

Starfsmönnum SN er umhugað um að þróa og veita metnaðarfulla þjónustu í takt við þarfir hvers og eins. Á árinu 2021 er fyrirhugað að bjóða á uppá fleiri styttri tilboð samhliða ofangreindum tilboðum. Í boði verða m.a. 6 vikna hópnaámskeið sem byggir á Hugrænni atferlismeðferð, Núvitundarnámskeið, Fjármálanámskeið þar sem notendum verður hjálpað að ná betri tökum á fjármálum. Hópmarkþjálfun með það að markmiði að aðstoða þátttakendur við að brjóta upp vana, ná lengra og setja stefnuna hærra hvort sem það er í starfi eða einkalífi. Námskeið fyrir fólk í atvinnuleit -Hæfni á vinnumarkaði með það að markmiði að efla og styrkja einstaklinga í atvinnuleit. Þátttakendur fá samþættan stuðning til að auka áhuga, sjálfsvitund og hvatningu til að öðlast nýja færni sem krafist er á vinnumarkaði. Skrefið, námskeið fyrir unga atvinnuleitendur unnið í samvinnu við Virkið.

Markmiðið er að efla sjálfstraust þátttakenda, auka skilning þeirra á réttindum og skyldum á vinnumarkaði þannig að þeir verði færari í að takast á við vinnumarkaðinn.


## Tilvísanir árið 2020

### Fjöldi tilvísana.

Frá Virk starfsendurhæfingarsjóði komu 274 tilvísanir og frá Vinnumálastofnun komu 2 tilvísanir. Auk þess sem Vinnumálastofnun keypti af SN námskeið fyrir 11 einstaklinga.


Fjöldi þátttakenda í heildrænni endurhæfingu á starfsárinu voru **95** sem nýttu 242 endurhæfingarpláss.

#### Kynjaskipting




Konur voru 54% (51) og karlar 46% (44), (konur voru 64% og karlar 36% þátttakenda árið 2019).

#### Meðalaldur þátttakenda á starfsárinu var 29 ár



Meðalaldur er 29 ár, var (meðalaldur 2019 var 31 ár) 65% þeirra sem nýttu sér þjónustu á árinu voru á aldrinum 18-35 ára (40% árið 2019). Meðalaldur einstaklinga sem nýttu sér námskeið hjá SN á vegum Vinnumálastofnunar var 47 ár (4 karlar og 7 konur).


#### Hve lengi frá vinnu við komu í endurhæfingu



Við komu í starfsendurhæfinu höfðu flestir verið frá vinnu í 6-12 mánuði eða 34%, (43% 2019), 26% höfðu verið frá vinnu í 12-24 mánuði (28% 2019).


Í 24-36 mánuði höfðu 7% notenda verið án atvinnu. 24% þátttakenda var vísað innan sex mánaða og þar af 5% inna þriggja mánaða.

#### Ástæða tilvísunar




Líkt og undanfarin ára eru flestir þátttakendur að kljást við geðrænn vanda eða 72% þátttakenda (77% 2019), stoðkerfisvanda var 9% (18% 2019) og 19% vegna annarra ástæðna (5% 2019).

#### Framfærsla á endurhæfingartímanum



Flestir þátttakendur voru á endurhæfingarlífeyrir eða 84%, á örorku 2%, með greiðslur frá sjúkrajóði stéttarfélags 3%, með bætur frá Vinnuálastofnun 7% þátttakenda og 3% frá sveitarfélögum. Einn var með atvinnutekjur.

#### Staðan í lok árs



Í árslok höfðu 52% þátttakenda ekki lokið endurhæfingu (35% árið 2019). Í atvinnu voru 17% þátttakenda (34% 2019), 16 þátttakendur voru komnir í starf (33 árið 2019 í fullt starf eða hlutastarf). Í nám voru 10 þátttakendur, 10%. Á örorku voru 2% og 14% þátttakenda var vísað til baka til Virk.

## Endurhæfingarpláss

Endurhæfingarpláss	2020	2019
Mat á stöðu	28	30
Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing	164	124
Ráðgjöf og eftirfylgd	35	38
Námskeið	13	0
Starfsendurhæfing í dreifbýli	4	0
Gæfuspor	0	8
<b>Samtals:</b>	<b>242</b>	<b>200</b>

Endurhæfingarpláss voru 242 á starfsárinu en voru 200 árið 2019. Margir þátttakendur nýttu sér fleiri en eitt úrræði, 107 einstaklingar nýttu sér þjónustuna þar af 11 sem nýttu sér stakt námskeið.

## Samantekt

Þegar litið er yfir starfsárið 2020 má segja að það hafi á margan hátt verið óvenjulegt. Covid-19 hefur ógnað allri heimsbyggðinni og sett mönnum skorður á þann hátt að nauðsynlegt var að endurskipuleggja ýmsa starfsemi. Starfsfólk SN leitaði nýrra leiða í þjónustu við þjónustuþega/notendur og aðlagði þjónustuna og efni að þeim aðstæðum sem upp komu hverju sinni. M.a. voru útbúin verkefni og kennsluefni sem mögulegt var fyrir þátttakendur að vinna heima, þá var notast við fjarfundabúnað bæði í einstaklingsviðtölum og hópavinnu svo og við verkefnavinnu þegar þátttakendur gátu ekki mætt í tíma sökum sóttvarnaraðgerða. Þrátt fyrir þessar óvenjulegu aðstæður einkenndist starfsárið af fleiri endurhæfingarplássum en árið áður. Boðið var upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir auk þess sem boðið var upp á styttri námskeið.

Það er umhugsunarefni hve stór hluti þeirra notenda sem vísað er til SN er ungur. Meðalaldur þeirra sem voru í þjónustu SN árið 2020 var 29 ár. Ungu fólkið er sá hópur sem þarf lengstan tíma í endurhæfingu og sá hópur sem þarf að hlúa sérstaklega vel að og byggja upp til framtíðar. Veita þarf heildræna endurhæfingu (líf, -sál, og félagslega). Þjónustukerfin þurfa að sýna þessu skilning og samþætta þjónustu en það er forsenda árangurs. SN hefur yfir að ráða mannaúði með þverfaglega menntun og dýrmæta reynslu sem er vel í stakk búinn til að sinna þessum hópi og samræma meðferð og þjónustu að þörfum þeirra.

Í þeim aðstæðum sem komu í kjölfar Covid verða menn að hugsa upp nýjar leiðir og segja má að ýmis sóknarfæri séu í starfs- og námstengdri endurhæfingu. Tíminn mun leiða í ljós hver þörfin verður og hvort um áherslubreytingar verður að ræða varðand nálgun í endurhæfingu. Sveigjanleiki og að mæta einstaklingnum þar sem að hann er staddur er eitt af leiðarljósum SN. Mikilvægt er að aðlagja sig að nýjum aðstæðum og að tryggður sé öruggur rekstrargrundvöllur til að vel megi takast. Starfsfólk SN horfir björtum augum til næsta starfsárs og hlakkar til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þróa og veita metnaðarfulla þjónustu.

Að lokum við ég þakka starfsfólki SN fyrir einstaka þrautsegu, lausnamiðaða hugsun og jákvæðni í vinnu sinni á starfsárinu svo og öllum notendum SN og samstarfsaðilum fyrir að sýna skilning og sveigjanleika á þessum fordæmalausu tímum.

Akureyri, 22. mars 2021,

Jakóbína Elva Káradóttir, framkvæmdastjóri

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Norðurlands er að finna á vefsíðu SN;  
<http://www.stn.is>